

**65. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,  
föstudaginn 13. janúar 2012 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Trausti Þór Sverrisson, Hafdís Jónsdóttir, Kristín B Gunnarsdóttir,

**Fundargerð ritaði:** Birna Benediktsdóttir,

**Dagskrá:**

- 1. 1109084 - Haustskýrsla grunnskóladeildar Tálknafjarðarskóla**  
Haustskýrslunni frestað til næsta fundar og Trausti ætlar að senda nefndinni hana í tölvupósti til yfirlestrar. Allir fundarmenn samþykktu það
- 2. 1201014 - Niðurstöður samræmdra prófa haustið 2011**  
Eðlilegar framfarir í 10. bekk en brugðist hefur verið við slökum árangri 4. bekkinga í íslensku.
- 3. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**  
Búið er að gefa út nýjar stundaskrár fyrir vorönn með áherslu á nægjanlegan stuðning og sérkennslu. Með nýrri stundarskrá og list og verkgreinasmiðjum skólaársins eru ákvæði aðalnámskrár um kennslustundafjölda uppfyllt. Á skólaráðsfundinum sem haldin var í janúar kom fram að í febrúar á að kalla saman skólaþing, sem verður öllum opið og vinna með þær hugmyndir sem koma fram í tengslum við gerð skólastefnu. Lista og hönnunarsmiðja verður haldin síðustu helgina í janúar.
- 4. 1001015 - Önnur mál**  
Margar góðar hugmyndir komu upp um að koma á samstarfi á milli samfélags og skóla. Má þar nefna t.d. kennslu í boccia og þjóðdönsunum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20**

_____	_____
_____	_____
_____	_____